



Viðmiðunarreglur við afgreiðslu umsókna um flýtingu eða seinkun á grunnskólagöngu barns

Í 2. mgr. 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir eftirfarandi um skólaskyldu:

„Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrir eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn skólapjónustu“.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2023, kafla 16 um *Undanþágur frá aðalnámsskrá* er skert á þessu ákvæði úr lögum um grunnskóla um að meginreglan sé sú að barn byrji í grunnskóla á því almanaksári sem það nái sex ára aldri en skólastjóri grunnskóla geti heimilað að barn hefji skólagöngu ári fyrir eða síðar, eftir því sem samkomulag náist um það milli foreldra og skóla. Frumkvæðið sé hjá foreldrum í þeim málum en ákvörðun byggji á mati sérfræðinga, kennara og skólastjórnenda með hag barnsins að leiðarljósi.

Flýting úr leikskóla

1. Óski foreldrar/forsjáraðilar eftir flýtingu á grunnskólagöngu barns, skal rökstudd umsókn berast til skólastjóra grunnskólans sem barnið á skólasókn í, á því almanaksári sem barnið nær fimm ára aldri. Umsóknin skal berast í síðasta lagi 15. mars.
2. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir skriflegri umsögn leikskóla, hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst. Þar er meðal annars fjallað um almenna þroskastöðu, um líkamlega heilsu og þroska og félagslega stöðu og mat leikskólans á því hvort barnið sé á við ári eldri börn og hvort leikskólinn styðji umsókn foreldra/forsjáraðila. Skal sú umsögn berast til grunnskólans innan 6 vikna frá því að umsókn barst. Umsögn frá leikskóla er ráðgefandi.
3. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir aðkomu fræðslustjóra og/eða sálfræðings skólapjónustu innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst, um mat á eftirfarandi þáttum en þeir eru hafðir til hliðsjónar þegar ósk um flýtingu er metin:



- a. Miða skal við að barn skori yfir eða í meðallagi á við börn ári eldri (í þeim bekk sem barnið mun fara í) skv. vitsmunapróskamati (s.s. WPPSI-R eða WISC-IV).
 - b. Miða skal við að heildarþroskastaða barns sé metin samkvæmt viðtali og matslistum við foreldra/forsjáraðila, kennara og barn þ.m.t. félags- og tilfinningaþroski.
 - c. Hver hefur aðkoma skólapjónustu verið að barninu varðandi ráðgjöf og greiningar (ef á við) og hvort skólapjónustan styðji umsókn foreldra/forsjáraðila.
4. Fræðslustjóri og/eða sálfræðingur koma með ráðgefandi tillögu til skólastjóra grunnskóla sem mælir með eða mælir ekki með flýtingu á grundvelli ofangreindra gagna og heildarniðurstöðu þroskamats. Það mat skal berast skólastjóra grunnskóla innan 6 vikna frá því að umsókn barst.
5. Ákvörðun um flýtingu liggur endanlega hjá skólastjóra grunnskóla og skal hann svara foreldrum/forsjáraðilum eigi síðar en tveim mánuðum eftir að umsókn berst. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til skólapjónustu og leikskóla barnsins. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins í bréfi um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi.
- Gefa skal foreldrum/forsjáraðilum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruheimild til Mennta- og barnamálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til skólapjónustu og leikskóla barnsins.

Seinkun úr leikskóla

1. Óski foreldrar/forsjáraðilar eftir seinkun á grunnskólagöngu barns, skal rökstudd umsókn berast til skólastjóra grunnskólans sem barnið á skólasókn í, á því almanaksári sem barnið nær fimm ára aldri. Umsóknin skal berast í síðasta lagi 15. mars.



2. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir skriflegri umsögn leikskóla, hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um seinkun berst. Þar er meðal annars fjallað um almenna þroskastöðu, um námsfærni og félagslega stöðu með tilliti til stöðu barnsins miðað við jafnaldra og börn ári yngri, ásamt heildarmati leikskólans á umsókn, hvaða þroskaframförum leikskólinn telji að náist frekar í leikskóla en grunnskóla og hvort leikskólinn styðji umsókn foreldra/forsjáraðila. Skal sú umsögn berast til grunnskólans innan 4 vikna frá því að umsókn barst. Umsögn frá leikskóla er ráðgefandi.
3. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir aðkomu fræðslustjóra og/eða sálfræðings skólapjónustu innan viku frá því að umsókn um seinkun berst, um mat á eftirfarandi þáttum en þeir eru hafðir til hliðsjónar þegar ósk um seinkun er metin:
 - a. Miða skal við að barn skori í meðallagi á við börn ári yngri (í þeim bekk sem barnið mun fara í) skv. vitsmunapróskamati (s.s. WPPSI-R eða WISC-IV).
 - b. Miða skal við að heildarþroskastaða barns sé metin samkvæmt viðtali og matslistum við foreldra/forsjáraðila, kennara og barn þ.m.t. félags- og tilfinningapróski.
 - c. Hver hefur aðkoma skólapjónustu verið að barninu varðandi ráðgjöf og greiningar (ef á við) og hvort skólapjónustan styðji umsókn foreldra/forsjáraðila.
4. Fræðslustjóri og/eða sálfræðingur koma með ráðgefandi tillögu til skólastjóra grunnskóla sem mælir með eða mælir ekki með seinkun á grundvelli ofangreindra gagna og heildarniðurstöðu þroskamats. Það mat skal berast skólastjóra grunnskóla innan 6 vikna frá því að umsókn barst.
5. Ákvörðun um seinkun liggur endanlega hjá skólastjóra grunnskóla. Skal hann svara foreldrum/forsjáraðilum eigi síðar en tveim mánuðum eftir að umsókn berst. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til skólapjónustu og leikskóla barnsins. Foreldrar/forsjáraðilar skulu upplýst um að á viðbótarári barnsins í leikskóla gilda sömu forsendur um vistun þess og fyrir önnur börn í leikskóla t.d. varðandi greiðslur fyrir vistun.



Hyggist skólastjóri synja umsókn um seinkun skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun í bréfi, ásamt ítarlegum rökstuðningi.

Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruheimild til Mennta- og barnamálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til skólapjónustu og leikskóla barnsins.

Flýting um bekk í grunnskóla

1. Óski foreldrar/forsjáraðilar eftir flýtingu um bekk fyrir barnið sitt í grunnskóla, skal rökstudd umsókn berast til skólastjóra grunnskólans sem barnið á skólasókn í, fyrir 15. mars.
2. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir skriflegri umsögn starfsfólks skólans er hefur mesta aðkomu að barninu, innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst. Þar er meðal annars fjallað um almenna þroskastöðu, um námsfærni og félagslega stöðu með tilliti til stöðu barnsins miðað við jafnaldra og börn ári eldri, ásamt heildarmati á umsókn, hvaða þroska- og námsframförum grunnskólinn telji að náist með flýtingu og hvort starfsfólk styðji umsókn foreldra/forsjáraðila. Skal sú umsögn berast til skólastjóra innan 4 vikna frá því að umsókn barst. Umsögn frá starfsfólki er ráðgefandi.
3. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir aðkomu fræðslustjóra og/eða sálfræðings skólapjónustu innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst, um mat á eftirfarandi þáttum en þeir eru hafðir til hliðsjónar þegar ósk um flýtingu er metin:
 - a. Miða skal við að barn skori yfir eða í meðallagi á við börn ári eldri (í þeim bekk sem barnið mun fara í) skv. vitsmunapróskamati (s.s. WPPSI-R eða WISC-IV).
 - b. Miða skal við að heildarþroskastaða barns sé metin samkvæmt viðtali og matslistum við foreldra/forsjáraðila, kennara og barn þ.m.t. félags- og tilfinningapróski.



- c. Hver hefur aðkoma skólapjónustu verið að barninu varðandi ráðgjöf og greiningar (ef á við) og hvort skólapjónustan styðji umsókn foreldra/forsjáraðila.
4. Fræðslustjóri og/eða sálfræðingur koma með ráðgefandi tillögu til skólastjóra grunnskóla sem mælir með eða mælir ekki með flýtingu á grundvelli ofangreindra gagna og heildarniðurstöðu þroskamats. Það mat skal berast skólastjóra grunnskóla innan 6 vikna frá því að umsókn barst.
5. Ákvörðun um flýtingu liggur endanlega hjá skólastjóra grunnskóla og skal hann svara foreldrum/forsjáraðilum eigi síðar en tveim mánuðum eftir að umsókn berst. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til skólapjónustu. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins í bréfi um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi.
Gefa skal foreldrum/forsjáraðilum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruheimild til Mennta- og barnamálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til skólapjónustu.

Seinkun um bekk í grunnskóla

1. Óski foreldrar/forsjáraðilar eftir seinkun um bekk fyrir barnið sitt, skal rökstudd umsókn berast til skólastjóra grunnskólans sem barnið á skólasókn í, fyrir 15. mars.
2. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir skriflegri umsögn starfsfólks skólans er hefur mesta aðkomu að barninu, innan viku frá því að umsókn um seinkun berst. Þar er meðal annars fjallað um almenna þroskastöðu, um námsfærni og félagslega stöðu með tilliti til stöðu barnsins miðað við jafnaldra og börn ári yngri, ásamt heildarmati á umsókn, hvaða þroska- og námsframförum grunnskólinn telji að náist með seinkun og hvort starfsfólk styðji umsókn foreldra/forsjáraðila.



Skal sú umsögn berast til skólastjóra innan 4 vikna frá því að umsókn barst.

Umsögn frá starfsfólki er ráðgefandi.

3. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir aðkomu fræðslustjóra og/eða sálfræðings skólapjónustu innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst, um mat á eftirfarandi þáttum en þeir eru hafðir til hliðsjónar þegar ósk um seinkun er metin:
 - a. Miða skal við að barn skori í meðallagi á við börn ári yngri (í þeim bekk sem barnið mun fara í) skv. vitsmunapróskamati (s.s. WPPSI-R eða WISC-IV).
 - b. Miða skal við að heildarþroskastaða barns sé metin samkvæmt viðtali og matslistum við foreldra/forsjáraðila, kennara og barn þ.m.t. félags- og tilfinningapróski.
 - c. Hver hefur aðkoma skólapjónustu verið að barninu varðandi ráðgjöf og greiningar (ef á við) og hvort skólapjónustan styðji umsókn foreldra/forsjáraðila.
4. Fræðslustjóri og/eða sálfræðingur koma með ráðgefandi tillögu til skólastjóra grunnskóla sem mælir með eða mælir ekki með seinkun á grundvelli ofangreindra gagna og heildarniðurstöðu þroskamats. Það mat skal berast skólastjóra grunnskóla innan 6 vikna frá því að umsókn barst.
5. Ákvörðun um seinkun liggur endanlega hjá skólastjóra grunnskóla. Skal hann svara foreldrum/forsjáraðilum eigi síðar en tveim mánuðum eftir að umsókn berst. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til skólapjónustu. Foreldrar/forsjáraðilar skulu upplýst um að á viðbótarári barnsins í grunnskóla gilda sömu forsendur um skólagöngu þess og fyrir önnur börn í grunnskóla.

Hyggist skólastjóri synja umsókn um seinkun skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun í bréfi, ásamt ítarlegum rökstuðningi.

Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruheimild til Mennta- og



barnamálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til skólapjónustu og leikskóla barnsins.

Flýting á lokum náms í grunnskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er skólastjóra heimilt að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið, enda hafi nemandinn náð hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

1. Óski foreldrar/forsjáraðilar eftir flýtingu úr grunnskóla fyrir barnið sitt, skal rökstudd umsókn berast til skólastjóra grunnskólans sem barnið á skólasókn í. Æskilegt er að ósk um flýtingu á lokum grunnskólanáms berist ekki síðar en í lok 8. bekkjar.
2. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir skriflegri umsögn starfsfólks skólans er hefur mesta aðkomu að barninu, innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst. Þar er meðal annars fjallað um almenna þroskastöðu, um námsfærni og félagslega stöðu með tilliti til stöðu barnsins miðað við jafnaldra og börn ári eldri, ásamt heildarmati á umsókn, hvaða þroska- og námsframförum grunnskólinn telji að náist með flýtingu og hvort starfsfólk styðji umsókn foreldra/forsjáraðila. Skal sú umsögn berast til skólastjóra innan 4 vikna frá því að umsókn barst. Umsögn frá starfsfólki er ráðgefandi.
3. Skólastjóri grunnskóla skal óska eftir aðkomu fræðslustjóra og/eða sálfræðings skólapjónustu innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst, um mat á eftirfarandi þáttum en þeir eru hafðir til hliðsjónar þegar ósk um flýtingu er metin:
 - a. Miða skal við að barn skori yfir eða í meðallagi á við börn ári yngri (í þeim bekk sem barnið mun fara í) skv. vitsmunapróskamati (s.s. WPPSI-R eða WISC-IV).
 - b. Miða skal við að heildarþroskastaða barns sé metin samkvæmt viðtali og matslistum við foreldra/forsjáraðila, kennara og barn þ.m.t. félags- og tilfinningapróski.



- c. Hver hefur aðkoma skólapjónustu verið að barninu varðandi ráðgjöf og greiningar (ef á við) og hvort skólapjónustan styðji umsókn foreldra/forsjáraðila.
4. Fræðslustjóri og/eða sálfræðingur koma með ráðgefandi tillögu til skólastjóra grunnskóla sem mælir með eða mælir ekki með flýtingu á grundvelli ofangreindra gagna og heildarniðurstöðu þroskamats. Það mat skal berast skólastjóra grunnskóla innan 6 vikna frá því að umsókn barst.
5. Ákvörðun um flýtingu liggur endanlega hjá skólastjóra grunnskóla og skal hann svara foreldrum/forsjáraðilum eigi síðar en tveim mánuðum eftir að umsókn berst. Sé umsókn samþykkt er það að því tilskyldu að nemandinn nái hæfniviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar og tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til skólapjónustu. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins í bréfi um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi.
- Gefa skal foreldrum/forsjáraðilum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruheimild til Mennta- og barnamálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til skólapjónustu.

Samþykkt í fræðslunefnd 31. mars 2025

Samþykkt í sveitarstjórn 8. apríl 2025



Umsókn um flýtingu eða seinkun á grunnskólagöngu barns

Nafn barns:	Kennitala barns:
Lögheimili barns:	Skóli:
Foreldrar/forsjáraðilar:	Foreldrar/forsjáraðilar:
Sími og netfang:	Sími og netfang:
Óskað er eftir: ☐ Flýtingu úr leikskóla ☐ Seinkun úr leikskóla ☐ Flýtingu um bekk í grunnskóla ☐ Seinkun um bekk í grunnskóla ☐ Flýtingu á lokum náms í grunnskóla	
Ástæða umsóknar, óskað er eftir rökstuðningi:	
☐ Foreldrar/forsjáraðilar samþykkja öflun upplýsinga frá öðrum stofnunum, s.s. leikskóla og heilsugæslu varðandi heildarmat umsóknar.	
Undirskrift foreldra/forsjáraðila _____	Staður og dags. _____
Móttaka umsóknar, kvittun og dags.	Niðurstaða afgreiðslu umsóknar og dags.